

Fundargerð 23. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 8. mars 2016 kl. 10.00

Dagskrá:

1. Árlegar greinargerðir landshlutasamtaka sveitarfélaga
2. Minnisblað um umboð og starfshætti stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
3. Verklýsing um mótun tillögu til þingsályktunar um byggðaaætlun
4. Önnur mál

Mættir: Hanna Dóra Másdóttir formaður (ANR), Björn Helgi Barkarson (UAR), Elvar Knútur Valsson (ANR), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Karl Björnsson (sambandinu), Sigurður Guðmundsson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR), Unnur Orradóttir Ramette (UTN), Þór G. Þórarinsson (VEL), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá var Björg Björnsdóttir (landshlutasamtökunum) með á símafundi frá Egilsstöðum. Björg kom á fundinn eftir dagskrárlíð 1, kl. 10.30.

Fjarverandi: Inga Birna Einarsdóttir (VEL).

Fundargerð 22. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Árlegar greinargerðir landshlutasamtaka sveitarfélaga

Skilafrestur árlegra greinargerða landshlutasamtaka sveitarfélaga var 15. febrúar. Fjögur landshlutasamtök skiluðu á tilsettum tíma, þrjú skiluðu skömmu eftir að skilafrestur rann út og enn er beðið eftir greinargerð frá einum samtökum.

Verkefnisstjóri dreifði vinnuskjali þar sem fram koma ýmsar upplýsingar úr greinargerðunum. Þar kemur meðal annars fram að á árinu 2015, fyrsta starfsári uppbyggingarsjóðanna, bárust sjóðunum sjö samtals 1.120 umsóknir. Flestar voru þær 307 og fæstar voru þær 99. Meðaltalið var 160 umsóknir. Heildarupphæð umsóknanna var rúmlega 1,6 milljarður. Samtals voru 606 verkefni styrkt, að upphæð 432 milljónir. Mótframlag styrkþega er að lágmarki sama upphæð. Þá var samtals unnið að 35 áhersluverkefnum á landinu öllu og var heildarframlag úr sóknaráætlunum til þessara verkefna rúmar 178 milljónir, að ótöldu mótframlagi heimamanna. Samtals skipuðu 284 einstaklingar samráðsvettvanga sem komu að mótun sóknaráætlana og áhersluverkefna í landshlutunum átta.

Áfram verður unnið með upplýsingar úr greinargerðunum og verða þær hryggstykkið í greinargerð stýrihópsins til ráðherra um framvindu sóknaráætlana. Fundarmenn lýstu ánægju með hve margir hafa komið að sóknaráætlunum og telja að upplýsingarnar sýni að valdefling landshlutana sé á réttri leið. Athygli vekur að styrkir til menningaverkefna eru að meðaltali 70% allra styrkja. Skoða þarf nánar flokkun þessara verkefna og hvort verkefnin séu menningarviðburðir eða atvinnuþróun á sviði menningar. Verkefnisstjóra var falið að kalla eftir upplýsingum frá landshlutasamtökunum um hve stór hluti menningarverkefna tengist ferðapjónustu og/eða öðrum atvinnugreinum.

2. Minnisblað um umboð og starfshætti stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Framhald frá síðasta fundi. Formaður lagði fram ný drög að minnisblaði um umboð og starfshætti stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál. Nokkrar umræður urðu um innihaldið og er stýrihópurinn samþykkur upplegginu, en lagði til nokkrar breytingar á orðalagi og framsetningu.

Formaður þakkaði fyrir góðar umræður og var falið að ljúka við ritun minnisblaðsins.

3. Verklýsing um mótun tillögu til þingsályktunar um byggðaáætlun

Formaður dreifði drögum að verklýsingu um mótun nýrrar byggðaáætlunar fyrir árin 2017-2023. Formaður hefur unnið að verklýsingunni í samstarfi við Byggðastofnun og óskaði hún eftir umræðum stýrihópsins um framkvæmd verkefnisins.

Fundarmenn lýstu almennt ánægju með fyrirhugað verklag og sköpuðust góðar umræður. Áhersla var lögð á mikilvægi samráðs í ferlinu og að sem flestum yrði boðið til þess samráðs. Bent var á að hafa mætti vinnu við mótun landsskipulagsstefnu til hliðsjónar. Gert er ráð fyrir að vinnunni verði lokið 1. nóvember 2016.

4. Önnur mál

a) Kynningar á einstaka málaflokkum ráðuneyta

Rætt var um að fá sérfræðinga tiltekinna málaflokka innan ráðuneyta á fundi stýrihópsins í þeim tilgangi að skoða hvaða málaflokkar ráðuneyta geta haft afgerandi áhrif í byggðamálum og efla yfirsýn fulltrúa stýrihópsins. Dæmi um málaflokka eru fjarskiptamál, menntamál, ferðaþjónusta og heilbrigðismál.

Verkefnisstjóra falið að kalla eftir tillögum að málaflokkum sem fulltrúar stýrihópsins telja að séu mikilvægir frá byggðasjónarhorni.

b) Umdæmaskipting landsins

Á fundi stýrihópsins í lok síðasta árs var rætt um umdæmaskiptingu landsins og möguleika á samhæfingu þeirra. Forsætisráðuneytið ætlaði að taka upp samtali við Hagstofuna og fá nánari upplýsingar um málið. Fulltrúi forsætisráðuneytisins upplýsti að sú vinna væri ekki hafin.

c) Næsti fundur stýrihóps

Næsti fundur stýrihópsins var ákveðinn þriðjudaginn 12. apríl kl. 10-12.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.40.